

Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð

Sigurður Örn Guðleifsson



ALMENNT

- » Stuðla að **vernd** og **varðveislu** byggðar sem hefur sögulegt gildi

- » Byggð innan:
 - **þéttbýlis**
 - byggðarkjarna utan þéttbýlissem ástæða er til að varðveita vegna **svipmóts**, **menningarsögu** eða **listræns gildis**

- » **Byggðarkjarni**: Samstæða mannvirkja utan þéttbýlis sem mynda byggðarheild



I. ÖNNUR LÖGGJÖF



Friðlýsingar

- » Ákvörðun ráðherra um verndarsvæði kemur ekki í veg fyrir að einstök hús, mannvirki og fornleifar innan viðkomandi svæðis séu friðlýst sérstaklega á grundvelli **laga um menningarminjar**



Skipulagslög

- » „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um **hverfisvernd**. [Jafnframt skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð.]“



Skipulagslög frh.

- » „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.
- » Þegar unnið er að slíku **hverfisskipulagi** er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð [...] byggðarinnar auk almennra rammaskilmála“



II. INNLEIÐING



Ákvörðun

- » Sveitarstjórn **metur** að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort fyrir hendi sé byggð sem hafi gildi vegna:
 - svipmóts / menningarsögu / listræns gildisað ástæða sé til að útbúa **tillögu** til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði.
- » Sveitarstjórn **endurmetur** að loknum sveitarstjórnarkosningum þau verndarsvæði sem fyrir eru, hvort breyta mörkum eða stækka
- » **Ráðherra** tekur ákvörðun um vernd byggðar



Ákvörðun frh.

- » Undantekingar frá meginreglunni um hlutverk sveitarstjórna:
- » Sinni sveitarstjórn ekki skyldu um mat á gildi byggðar getur ráðherra falið **Minjastofnun Íslands** að meta gildi byggðar og hvort ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra
- » **Ráðherra** getur einnig falið Minjastofnun Íslands að útbúa tillögu um að tiltekin byggð, sem að mati ráðherra hefur **varðveislugildi á landsvísu**, verði gerð að verndarsvæði
- » „...mikilvægt að samráð sé haft við viðkomandi sveitarstjórn við þá tillögugerð...“



Mat á varðveislugildi

- » Við mat á varðveislugildi svæða skal líta til gagna sem eru til, þar á meðal:
 - kort
 - húsakannanir
 - fornleifaskráningar
 - myndir
 - frásagnir um byggðina
- » Jafnframt skal litið til:
 - byggingarstíls
 - byggingarlistar
 - efnisvals
 - samhengis bygginga á viðkomandi svæði
 - heildarásýndar svæðisins



Mat á varðveislugildi frh.

- » Sveitarstjórn skal **auglýsa** tillögu um að byggð verði gerð að verndarsvæði á áberandi hátt, svo sem í staðarblaði eða með sérstöku kynningarefni sem aðgengilegt er íbúum sveitarfélagsins, eigi skemur en í sex vikur. Þá skal tillagan jafnframt liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu
- » Þegar frestur til **athugasemda** er liðinn skal sveitarstjórn taka tillögu um verndarsvæði til umræðu og taka afstöðu til þeirra athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni



Samþykktir sveitarfélaga

- » Sveitarfélögum er heimilt að setja sér samþykkt um **frekari vernd svipmóts byggðar** en mælt er fyrir um í ákvörðun ráðherra og að gera framkvæmdir sem snerta svipmót byggðar og mælt er fyrir um í samþykkt leyfisskyldar



Samþykktir sveitarfélaga frh.

» Getur **samþykkt** lotið að:

- formgerð húsa
- afstöðu húsa innbyrðis
- rýmismyndun
- stærðarhlutföllum
- byggingarstíl
- lit
- áferð
- efnisvali ytra byrðis húsa
- sambands byggðar og náttúrulegs umhverfis



Samþykktir sveitarfélaga frh.

- » Samþykkt sveitarfélags skal send ráðherra til **staðfestingar**
- » Ráðherra leitar **umsagnar** Minjastofnunar Íslands áður en hann staðfestir samþykktina
- » Ráðherra **metur** hvort samþykkt sé í samræmi við varðveislugildi svæðis. Synji ráðherra staðfestingar þar sem samþykktin samræmist ekki varðveislugildi svæðisins endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til svo að til staðfestingar komi



III. UMSJÓN



Takmarkanir

Meginreglur:

- » Bannað er að **rýra** varðveislugildi verndarsvæðis **(I)**
- » Sveitarstjórn skal tryggja að allar framkvæmdir innan verndarsvæðis **samrýmist** svipmóti og hinni vernduðu menningarsögu á viðkomandi verndarsvæði **(II)**



Leyfi

» Óheimilt er að:

- breyta
- bæta
- rífa niður
- fjarlægja

mannvirki sem eru innan verndarsvæða nema með **leyfi** sveitarstjórnar

» Ekki má veita leyfi ef varðveislugildi verndarsvæðisins er stefnt í hættu eða rýrt með hinni fyrirhuguðu framkvæmd (III)



Leyfi frh.

- » Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um leyfi til framkvæmda skal **auglýsa** hina fyrirhuguðu framkvæmd og veita almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin



Leyfi frh.

- » „Áður en sveitarstjórn gefur út **framkvæmdaleyfi** skal gætt, eftir því sem við á, ákvæða [...] laga um menningarminjar. [Jafnframt skal gætt ákvæða laga um verndarsvæði í byggð.]“
- » „Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:
 1. Mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu. ...“
- » Sveitarstjórn skal tryggja að ákvörðun um verndarsvæði endurspeglar í **skipulagsáætlunum**, öðrum **áætlunum** og **leyfisveitingum** sveitarfélagsins



Framkvæmdir án leyfa

- » Ef eigandi mannvirkis innan verndarsvæðis hefur framkvæmdir án leyfis sem rýra varðveislugildi viðkomandi svæðis að mati sveitarstjórnar er henni heimilt að láta **vinna verk** á kostnað eiganda mannvirkis að undangenginni áskorun um að úr verði bætt innan hæfilegs frests, ef það er nauðsynlegt til að tryggja varðveislugildi svæðisins
- » Ákvörðun sveitarstjórnar er háð **samþykki** ráðherra



TAKK FYRIR

Sigurður Örn Guðleifsson
sigurdur.o.gudleifsson@for.is
545 8400

